

Nr. 35.

22. nóv.

Auglýsing

um

um breyting á reglugjörð fyrir Háskóla Íslands 9. okt. 1912.

Samkvæmt þegnlegum tillögum stjórnarráðs Íslands hefir Hans hátign konunginum í dag allra mildilegast þóknast að staðfesta eftirfylgjandi

Breyting á reglugjörð fyrir Háskóla Íslands

9. október 1912.

1. 27. gr. Við 2. a. bætist: Og skulu af þessum ritum að minsta kosti eitt af samstofna guðspjöllunum, Jóhannesar guðspjalli, 2 af höfuðbrjefum Páls og fyrra Pjetursbrjef lesin og útskýrð eftir gríska frumtextanum.

Eftir 5. b. bætist við:

6. Í almennri trúarbragðafræði, að svo miklu leyti sem kenslukraftar leyfa:

- a. almennri trúarbragðasögu.
- b. trúarheimspeki.
- c. trúarlífssálarfræði.

2. 47. gr. Greinin byrji svo: Áður en kandidat segir sig til embættisprófs, skal hann hafa lokið prófi í grísku. Svo skal hann og sýna vottorð um, að hann hafi fært sjer í nyt kenslu þá, sem veitt er í almennri trúarbragðafræði, meðan ekki er prófað í henni sjerstaklega við embættisprófið.

Eftir VI. bætist við:

VII. Í almennri trúarbragðafræði, þegar deildin ákveður. Á eftir «bæði skriflegt og munnlegt» komi: Í V. og VI. verklegt, en í VII. að eins munnlegt.

Í dóms- og kirkjumáladeild stjórnarráðsins, 18. nóv. 1918.

Jón Magnússon.

Björn Þórðarson
settur.